



Samkvæmt stefnuyfirlýsingu Skautasambands Íslands um þjálfaramenntun skal ÍSS, meðal annars, eingöngu hafa menntaða þjálfara í sínum verkefnum og ganga úr skugga um að þjálfarar vinni eftir þeim lögum og reglum sem gilda um skautaíþróttir.

Þjálfarar sem fylgja skauturum í verkefni á vegum ÍSS og/eða sækja um þátttöku í verkefnum á vegum ÍSS þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði.

1. Hafa hreint sakavottorð
2. Hafa skrifað undir siðareglur og hegðunarviðmið ÍSS
3. Hafa lokið skyndihjálparnámskeiði
4. Hafa lokið þjálfaramenntun á 2. stigi, að lágmarki
Ef menntun er ekki á vegum ÍSS og ÍSÍ er það metið af þjálfunar og fræðslunefnd
5. Hafa ekki brotið siðareglur ÍSS eða ÍSÍ
6. Sækja námskeið og fræðsluerindi sem ÍSS býður uppá á hverju tímabili fyrir sig
 - a. Fræðsludagur í samvinnu við FSÍ
 - b. Fræðslufyrirlestrar samhliða ÍSS mótum
 - c. Annað sem auglýst er sérstaklega
7. Hafa sótt námskeiðið „Barnavernd“
[Linkur á námskeiðið hjá Æskulýðsvettvanginum](#)

Fh. Stjórnar

Svava Hróðný Jónsdóttir
Formaður